

# Smáforrit til afþreyingar





## **Snjalltæki til afþreyingar - Hvert er markmiðið?**

Það getur verið misjafnt hvað við sækjumst eftir þegar við notum snjalltæki til afþreyingar. Það getur t.d. verið:

- Að vinna einn að eigin áhugamáli.
- Að ná slökun
- Að eiga góða stund með öðrum
- Að eiga innihaldsríkar samræður við aðra

Gott er að byrja á því að íhuga hvert markmiðið með afþreyingunni eigi að vera áður en farið er að leita að forritum.

## **Viðmið við val á smáforritum til afþreyingar fyrir fullorðið fatlað fólk**

Eftirfarandi spurningar má hafa til hliðsjónar þegar valin eru smáforrit til afþreyingar fyrir fullorðið fatlað fólk:

- Er viðmótið einfalt og lítið um óparfa áreiti á skjámyndinni?
- Er mynd- og hljóðefni aldurshæfandi?
- Býður smáforritið upp á að nota eigið mynd- og/eða hljóðefni?
- Gefur smáforritið möguleika á að stilla á tvo eða fleiri leikmenn þannig að hægt er að spila með öðrum?
- Gefur forritið möguleika á að eiga innihaldsríkar samræður um viðfangsefnið?

## **Tillögur að smáforritum**

Á næstu blaðsíðum má sjá tillögur að smáforritum sem uppfylla eitt eða fleiri af ofanefndum viðmiðum.

Hægt er að finna öll smáforritin í AppStore og sum þeirra einnig í Google PlayStore.






<b>Einfaldir leikir</b>		
	<b>Sensory Light Box</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/sensory-light-box/id533976433?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/sensory-light-box/id533976433?mt=8</a>	Einfaldur leikur sem byggir á því að eitthvað gerist þegar komið er við skjáinn. Hægt að velja um mismunandi sjón- og hljóðáreiti sem mörg hver tengjast raunveruleikanum og því hægt að ræða um þau í leiðinni og tengja við eigin reynslu úr umhverfinu.
	<b>Fireworks Arcade</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/fireworks-arcade/id435664934?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/fireworks-arcade/id435664934?mt=8</a>	Einfaldur leikur sem byggir á því að eitthvað gerist þegar komið er við skjáinn - í þessu tilfalli flugeldar sem sprengja með mjög raunverulegu hljóði. Upplagt til afþreyingar og samræðna í kringum áramótin.
	<b>Wa Kingyo LE - Goldfish Pond</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/wa-kingyo-le-goldfish-pond/id333192368?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/wa-kingyo-le-goldfish-pond/id333192368?mt=8</a>	Tjörn með fallegum fiskum sem býður upp á að leika sér með vatnið og fleyta blómum. Raunverulegt, róandi hljóð heyrir í vatninu þegar komið er við það og upplagt að ræða um vatnið og fiskana.






	<p><b>ASMR Sounds and Ear Triggers</b></p> <p><a href="https://apps.apple.com/app/asmr-sounds-and-ear-triggers/id1441111111">ASMR Sounds and Ear Triggers on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Hægt er að leikja sér eða ná slökun með því að hlusta á mismunandi hljóð úr raunveruleikanum. Einfalt og myndrænt viðmót sem gerir manni auðvelt að velja hljóð. Ef markmiðið er að leika sér er auðvelt að ræða saman í leiðinni um hin mörgu (sum mjög skrýtin og óvenjuleg) hljóð.</p>
	<p><b>Sensory FotoFrez - Fun Fotos</b></p> <p><a href="https://apps.apple.com/app/sensory-fotofrez-fun-fotos/id1441111111">Sensory FotoFrez - Fun Fotos on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Hægt er að velja um ýmis „filter“ fyrir myndavélina og annað hvort taka mynd eða setja „filterinn“ á mynd sem er nú þegar í myndasafninu. Viðmótið er einfalt og boðið er upp á að deila myndum með öðrum eftir ýmsum leiðum.</p>
	<p><b>Sensory Speak Up - Vocalize</b></p> <p><a href="https://apps.apple.com/app/sensory-speak-up-vocalize/id1441111111">Sensory Speak Up - Vocalize on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Forritið býr til sjónræn viðbrögð við hljóðum og býður þannig upp á að leika sér með að búa til hljóð - annað hvort með röddinni eða með því að nota hluti í umhverfinu.</p>





<b>Myndlist og handverk</b>		
	<b>Kaleidoscope Drawing Pad</b>  <a href="https://itunes.apple.com/is/app/kaleidoscope-drawing-pad/id525904070?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/kaleidoscope-drawing-pad/id525904070?mt=8</a>	Smáforrit sem býður upp á að búa til falleg mynstur með hjálp speglunar með því einfaldlega að snerta skjáinn. Hægt er að velja um mismunandi tegundir spegla. Með því að láta spila allt ferlið aftur þegar munstur hefur verið búið til er einnig hægt að ræða um sköpunina í leiðinni.
	<b>Drawing Box Light</b>  <a href="http://Drawing%20Box%20Light%20on%20the%20App%20Store%20%28apple.com%29">Drawing Box Light on the App Store (apple.com)</a>	Teikniforrit með myndrænu viðmóti sem gerir manni auðvelt að velja úr fjölbreyttu úrvali verkfæra, lita, bakgrunna o.fl. Einnig er boðið upp á að teikna inn á mynd úr myndasafni snjalltækisins en það getur verið góð leið til að tala um myndefnið í leiðinni.
	<b>Let's create! Pottery HD Lite</b>  <a href="http://Let's%20Create!%20Pottery%20HD%20Lite%20on%20the%20App%20Store%20%28apple.com%29">Let's Create! Pottery HD Lite on the App Store (apple.com)</a>	Einfalt viðmót og þægileg bakgrunnshljóð. Hægt er að móta leirkrukkur, láta brenna þær og skreyta. Myndefnið er mjög raunverulegt og hægt að ræða saman um allt ferlið.



<b>Borðspil</b>		
	<p><b>Noughts and Crosses (Tic Tac Toe)</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/tic-tac-toe/id289278457?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/tic-tac-toe/id289278457?mt=8</a></p>	<p>Hið hefðbundna borðspil mylla. Viðmótið er einfalt og hljóðið líkist því þegar verið er að teikna krossa og hringi á krítartöflu. Hægt er að spila einn á móti tölvunni eða tveir leikmenn á móti hvor öðrum.</p>
	<p><b>Snakes and Ladders King</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/snakes-and-ladders-king/id1351382473">https://itunes.apple.com/is/app/snakes-and-ladders-king/id1351382473</a></p>	<p>Hið klassíska borðspil slönguspilið. Viðmótið er einfalt og hljóðið líkist því þegar verið er að kasta teningi og færa það á spilaplötu. Hægt er að spila einn á móti tölvunni eða fleiri leikmenn á móti hver öðrum.</p>
	<p><b>Dominos</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/dominos/id1351382473">Dominos on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Dominoes leikurinn á skjánum þar sem spilað er á móti tölvunni. Hægt er að velja ólík viðmót og hafa kveikt eða slökkt á hljóðinu.</p>





	<p><b>Chess</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/chess/id311395856?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/chess/id311395856?mt=8</a></p>	<p>Hægt er að tefla einn á móti tölvunni og velja þá erfiðleikastig eða tveir á móti hvor öðrum. Hægt er að hafa rólega píanótónlist í bakgrunni.</p>
	<p><b>Four In A Row - Classic Games</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/four-in-a-row-classic-games/id604921715?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/four-in-a-row-classic-games/id604921715?mt=8</a></p>	<p>Leikurinn sem gengur út á að fá fjóra eins liti í röð. Hægt er að spila einn á móti tölvunni eða tveir á móta hvor öðrum.</p>



<b>Minnisleikir og púsl</b>		
	<b>Memory Matches 2</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/memory-matches-2/id500028364?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/memory-matches-2/id500028364?mt=8</a>	Minnisleikur með einföldum myndum í nokkrum flokkum. Hægt er að velja erfiðleikastig og að spila einn á móti tölvunni eða stilla á allt að fimm leikmönnum.
	<b>Jigsaw Puzzles Epic</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/jigsaw-puzzles-epic/id796882776?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/jigsaw-puzzles-epic/id796882776?mt=8</a>	Púsl með fallegum myndum, meðal annars af fánum og ljósmyndum frá mismunandi stöðum í heiminum. Upplagt til að ræða um önnur lönd, ferðalög og náttúru. Hægt er að stilla erfiðleikastig á allt frá fjórum púsl-bitum.
	<b>Jigsaw Box Puzzles</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/jigsaw-box-puzzles/id374251470?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/jigsaw-box-puzzles/id374251470?mt=8</a>	Fyrir utan að púsla fallegar ljósmyndir býður forritið líka upp á að búa til púsl úr eigin myndum úr myndasafni snjalltækisins. Þetta gefur möguleika á að ræða um hluti sem tengjast viðburðum í eigin lífi. Hægt er að stilla erfiðleikastig á allt frá átta púsl-bitum.








Orð og stafir		
	<b>Bitsboard Flashcards &amp; Games</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/bitsboard-flashcards-games/id516842210?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/bitsboard-flashcards-games/id516842210?mt=8</a>	Forritið býr til fjölda leikja úr þínum eigin myndum, orðum og hljóðupptökum. Þar á meðal eru minnisleikir, púsl, orða- og stafaleikir. Getur hentað vel til að ræða um ákveðinn orðaforða og jafnvel æft stafsetningu og orðmyndir í leiðinni.
	<b>The Impossible Letter Game</b> <a href="http://apple.com">The Impossible Letter Game on the App Store (apple.com)</a>	Skemmtilegur leikur fyrir þá sem hafa áhuga á bókstöfum og eru næm fyrir smáatriðum. Gengur út á að finna stafinn sem er öðruvísi en hinir. Hægt er að velja um mismunandi erfiðleikastig og breyta viðmótinu eftir þörfum.






Tölur og stærðfræði		
	<b>Stærðfræðileikurinn</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/staerdfraedileikurinn/id1441111111">Stærðfræðileikurinn on the App Store (apple.com)</a>	Einföld reikningsdæmi með plús og mínus. Skýrt viðmót án óþarfa áreita. Svara á með því að velja úr svarmöguleikum og draga rétta tölustafinn í svarreitinn.
	<b>Quick Math - Mental Arithmetic</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/quick-math-mental-arithmetic/id1441111111">Quick Maths on the App Store (apple.com)</a>	Hægt að keppa við sjálfan sig eða skiptast á og keppa um að leysa dæmin á sem stystum tíma - eða bara hunsa tímann og leysa dæmin í rólegheitum. Velja má á milli allra fjögurra reikningsaðgerðanna og svara á með því að skrifa tölustafinn með puttann á skjánum.
	<b>Calculator</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/calculator/id1441111111">Calculator++ on the App Store (apple.com)</a>	Reiknivél með ýmsum stillingum og þægilegu hljóði sem hægt er að hafa kveikt eða slökkt á. Reikningsdæmin safnast upp á glósublaði til hliðar þannig að hægt er að skoða og ræða um þau.



<b>Tónlist</b>		
	<b>Keezy Classic</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/keezy-classic/id605855595?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/keezy-classic/id605855595?mt=8</a>	Einfalt upptökuforrit sem gerir manni kleift að taka upp stutt hljóðbrot og leika sér með þau - „sampla“ og taka jafnvel upp eigin eigin „flutning“ á hljóðunum. Forritinu fylgir einnig tilbúin hljóðsöfn.
	<b>Magic Piano</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/magic-piano-by-smule/id421254504?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/magic-piano-by-smule/id421254504?mt=8</a>	Í þessu forriti er annars vegar hægt að spila þekkt lög á píanó með því einfaldlega að snerta kúlur sem birtast á skjánum. Hins vegar er hægt að leika sér með píanóið í mismunandi formum.
	<b>Guitar - Chords, Tabs &amp; Games</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/guitar-chords-tabs-games/id426912243?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/guitar-chords-tabs-games/id426912243?mt=8</a>	Forrit sem býður upp á að spila hljóma á gítar án þess að kunna nein gítargrip. Þannig má búa til undirspil við öll helstu rútabílalögin, syngja saman og skiptast t.d. á að spila.






	<p><b>Real Drum - Drums Pads</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/real-drum-drums-pads/id550920929?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/real-drum-drums-pads/id550920929?mt=8</a></p>	<p>Hér er hægt að spila á trommuseti á skjánum. Taka má upp eigin trommutakt og hlusta á hann aftur. Það má t.d. leika sér með að tromma taktinn með lögnum í útvarpinu.</p>
	<p><b>Loopimal</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/loopimal-by-yatato/id964743113?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/loopimal-by-yatato/id964743113?mt=8</a></p>	<p>Í þessu forriti má búa til flotta tónlist á einfaldan hátt með því að leika sér með að raða saman mismunandi hljóðbútum sem spila með þægilegu undirspili forritsins. Einfaldar teiknaðar myndir hreyfa sig í takt við hljóðbútana.</p>
	<p><b>Launchpad</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/launchpad/id584362474?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/launchpad/id584362474?mt=8</a></p>	<p>Tónlistarforrit þar sem búa má til alvöru funk, house, hip hop eða techno tónlist með því að kveikja og slökkva á hljóðbútum sem sjálfkrafa spila í takti. Hægt að taka upp. Einnig er hægt að setja takt af stað og spila síðan með í öðru forriti svo sem „Guitar“ eða „Real Drum“.</p>



	<p><b>ThumbJam</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/thumbjam/id338977566?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/thumbjam/id338977566?mt=8</a></p>	<p>Í þessu forriti má leika sér með mismunandi skala með því að renna fingrinum eftir skjánum. Forritið býður upp á fjölda stillinga og meðal annars er hægt að velja úr mörgum mismunandi hljóðfærum. Gefur meðal annars möguleika á að ræða um hljóm ólíkra hljóðfæra og finna út hvað manni finnst gott eða óþægilegt að hlusta á.</p>
	<p><b>Bloom</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/bloom/id292792586?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/bloom/id292792586?mt=8</a></p>	<p>Forritið býr til þægilegan hljóðheim sem hægt er að bæta við með því að snerta skjáinn. Ef fleiri eru saman má skiptast á að bæta við hljóðheiminn og hlusta á sameiginlegt tónverk sem skapar góða stemningu.</p>
	<p><b>djay - DJ App og AI Mixer</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/garageband/id408709785?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/garageband/id408709785?mt=8</a></p>	<p>Fullbúin DJ-græja á skjánum þar sem hægt er að velja lög til að mixa og breyta á ýmsan hátt. Einnig er hægt að velja myndbönd úr eigin myndasafni og leika sér með hljóðið úr þeim.</p>




<b>Dýr</b>		
	<p><b>My Horse</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/my-horse/id421167112?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/my-horse/id421167112?mt=8</a></p>	<p>Flott forrit fyrir þá sem hafa áhuga á hestum. Raunverulegt hljóð- og myndefni sem gefur upplifunina af að vera nálægt hestunum. Hægt er að taka leikinn alla leið og fara í keppni en einnig er hægt að láta duga að klappa og gefa hestunum.</p>
	<p><b>Animal Sounds!</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/animal-sounds/id580044747?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/animal-sounds/id580044747?mt=8</a></p>	<p>Hér er hægt að hlusta á mismunandi dýrahljóð og sjá myndir af dýrunum í leiðinni. Hægt er að breyta því hvaða dýr birtast á skjánum. Upplagt til að ræða saman um dýr og jafnvel kynnst fleiri dýrum.</p>
	<p><b>Real Animals HD</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/real-animals-hd/id445816960?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/real-animals-hd/id445816960?mt=8</a></p>	<p>Tölvuteiknaðar hreyfimyndir af dýrum frá öllum heimsálfum birtast á skjánum þegar komið er við hann. Dýrin gera fleiri hreyfingar ef komið er við þá. Hægt er að stilla á mismunandi sjónarhorn og meðal annars sjá hvar í heiminum dýrin lifa.</p>






<b>Boltaleikir</b>		
	<b>10 Pin Shuffle Bowling</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/10-pin-shuffle-bowling/id341894188?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/10-pin-shuffle-bowling/id341894188?mt=8</a>	Keilu-leikur með raunverulegu hljóði. Hægt er að spila einn, á móti tölvunni eða tengja snjalltækið saman við önnur snjalltæki og spila saman.
	<b>Flick Kick Football</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/flick-kick-football/id376481969?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/flick-kick-football/id376481969?mt=8</a>	Raunverulegt hljóðefni forritsins gefur upplifunina af að vera staddur á alvöru fótoltaleik. Hægt er að æfa sig að skjóta í mark einn eða með öðrum.
	<b>Basketball Arcade Machine</b> <a href="https://itunes.apple.com/is/app/basketball-arcade-machine/id539429047?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/basketball-arcade-machine/id539429047?mt=8</a>	Forritið býður upp á að æfa sig að skjóta í körfuna. Hægt er að slökkva á bakgrunnstónlistinni sem getur verið truflandi.






<b>Matur</b>		
	<p><b>My Pizza Shop - Pizza Maker</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/my-pizza-shop-pizza-maker/id641426880?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/my-pizza-shop-pizza-maker/id641426880?mt=8</a></p>	<p>Í forritinu er búin til pítsa skref fyrir skref og hægt að „borða“ hana í lokin með því að snerta hana á skjánum. Hér er upplagt að ræða um ferlið, hvernig pítsan er búin til og hvaða hráefni eru notuð.</p>
	<p><b>Ice Cream!</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/ice-cream-by-bluebear/id608842030?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/ice-cream-by-bluebear/id608842030?mt=8</a></p>	<p>Hér er búinn til ís frá grunni og hann „borðaður“ í lokin með því að snerta hann á skjánum. Býður upp á að ræða um ferlið, bragðtegundir og jafnvel viðburðir sem tengjast ís-neyslu, svo sem sumardaginn fyrsta.</p>
	<p><b>Popcorn Maker!</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/popcorn-maker-by-bluebear/id583726490?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/popcorn-maker-by-bluebear/id583726490?mt=8</a></p>	<p>Hér er um svipað forrit að ræða nema viðfangsefnið er popp og því upplagt að ræða í leiðinni um síðustu (eða komandi) bíóferð eða vídeókvöld.</p>







<b>Bílaleikir</b>		
	<p><b>Pico Rally</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/pico-rally/id838297703?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/pico-rally/id838297703?mt=8</a></p>	<p>Einfaldur bílaleikur þar sem nóg er að snerta skjáinn til þess að gefa í. Bíllinn fylgir sjálfur brautinni en passa verður hraðann í beygjunum og að keyra ekki á.</p>
	<p><b>Hill Climb Racing</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/hill-climb-racing/id564540143?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/hill-climb-racing/id564540143?mt=8</a></p>	<p>Keyra þarf bíllinn yfir hóla, hæðir og brýr með því að snerta bensíngjöf öðrum megin á skjánum eða bremsu hinum megin.</p>
	<p><b>Monster Truck Destruction</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/monster-truck-destruction/id1011111111?mt=8">Monster Truck Destruction™ on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Hér má prófa að keyra risa-jeppa og reyna jafnvel að keyra yfir önnur ökutæki á brautinni. Raunverulegt hljóð og einfalt að stýra bílnum.</p>



Þrautir		
	<p><b>Flow Free</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/flow-free/id526641427?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/flow-free/id526641427?mt=8</a></p>	<p>Tengja þarf kúlur í sömu lit. Hægt að velja mismunandi erfiðleikastig.</p>
	<p><b>Mahjong!!</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/mahjong/id347878114?mt=8">https://itunes.apple.com/is/app/mahjong/id347878114?mt=8</a></p>	<p>Finna þarf pör af eins táknum til þess að láta kubbana hverfa.</p>
	<p><b>Mazes &amp; More: Classic Maze</b></p> <p><a href="https://itunes.apple.com/is/app/mazes-and-more-classic-maze/id101111111?mt=8">Mazes &amp; More: Classic Maze on the App Store (apple.com)</a></p>	<p>Hinn klassiski leikur sem gengur út á að finna leiðina í gegnum vöfundarhúsið. Fleiri og erfiðari borð opnast eftir því sem manni tekst að leysa þrautirnar.</p>



<b>Þrautir</b>		
	<b>Busy Shapes</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/busy-shapes/id722784048">https://apps.apple.com/is/app/busy-shapes/id722784048</a>	Það þarf að færa formin í rétt hól. Forritið líkir eftir mismunandi efni og áferð í hljóði.
	<b>Sandbox Pixel Coloring</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/sandbox-pixel-coloring/id1237405816">https://apps.apple.com/is/app/sandbox-pixel-coloring/id1237405816</a>	Forritið býður upp á fjölbreytt úrval mynda til að lita eftir tölum. Það koma sífellt nýjar myndir.
	<b>Block! Hexa Puzzle</b> <a href="https://apps.apple.com/is/app/block-hexa-puzzle/id1237405816">Block! Hexa Puzzle™ on the App Store (apple.com)</a>	Það þarf að raða formunum rétt saman í rammanum. Fleiri og erfiðari borð opnast eftir því sem manni tekst að leysa þrautirnar. Upplagt er að ræða um litina og formin í leiðinni.